

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 238 31. maí 1977 um sérstakt tíma-  
bundið vörugjald.

**1. gr.**

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
  2. Af verksmiðjuverði innlendar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi.
- Gjaldið skal vera 18% til 31. desember 1978.

**2. gr.**

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagi sérstaks vörugjalds af sölu innlendar framleiðslu fyrir síðasta árs-  
fjórðung 1977 er 1. febrúar 1978.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendar framleiðslu á árinu 1978 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1978 er 1. maí 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1978 er 1. ágúst 1978, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1978 er 1. nóvember 1978 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1978 er 1. febrúar 1979.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1977.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

um könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingafélaga.

**Svið.****1. gr.**

Tryggingaeftirlitið skal kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingafélags. Við mat á þessu skal litið til áhættu þeirrar, sem váttryggingarstarfsemi hefur í för með sér.

Slík könnun skal fara fram árlega á grundvelli ársreiknings váttryggingafélags fyrir síðastliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemi þess, sem nauðsynleg er til þess að könnun geti farið fram.